

Bakgrunnsupplýsingar

Nemendum í 8. bekk er kennt í tveim umsjónarhópum með 43 nemendur, 29 drengir og 14 stúlkur. Umsjónarkennarar eru Rafn Markús Vilbergsson með 8. RV og Einar Árni Jóhannsson með 8. EÁJ. Nemendum er kennt í teyllum miðað við getu í íslensku og stærðfræði. Kennarar í íslensku eru Anna Hulda Einarsdóttir með A-teymi, Einar Árni Jóhannsson með B-teymi og Ástríður Sigurðardóttir með C-teymi. Í stærðfræði er Berglind Kristjánsdóttir með A-teymi, Rafn Markús Vilbergsson með B-teymi og Þórdís Björg Ingólfssdóttir með C-teymi.

Fagreinakennarar eru Anna Birna Gunnlaugsdóttir með dönsku, Hulda Hauksdóttir með ensku, Páll Valur Björnsson með náttúrufræði, Yngvi Þór Geirsson og Páll Valur Björnsson með samfélagsfræði, Hulda Hauksdóttir með upplýsingatækni og Margrét Rósa Friðbjörnsdóttir kennir lestur og framsögn. Sérgreinakennarar eru Harpa Magnúsdóttir (hönnun og smíði), Margrét Þórólfsdóttir (textílmenn), Kristín Hjartardóttir (grafík og þrykk), Natalya Gryshanina (heimilisfræði) og Eric Farley Hearn (myndlist). Íþróttakennarar eru Ásgerður Bjarklind Bjarkadóttir, Rafn Markús Vilbergsson og Þórir Rafn Hauksson.

Skipting kennslustunda

Íslenska - 7 stundir

Stærðfræði - 6 stundir

Danska – 3 stundir

Enska –4 stundir

Lífsleikni 2 stundir (lífsleikni og bekkjarfundur)

Náttúrufræði 3 stundir

Samfélagsfræði 3 stundir

Upplýsinga- og tæknimenn - 1 stund

Lestur og framsögn – 1 stund

Heimilisfræði - 2 stundir (hálfan vetur)

Myndmenn - 2 stundir (hálfan vetur)

Íþróttir og sund - 3 stundir

Valfög:

Hönnun og smíði - 2 stundir (hálfan vetur)

Textílmenn - 2 stundir (hálfan vetur)

Grafík og hönnun - 2 stundir (hálfan vetur)

Íslenska 8. bekkur

A-teymi, kennari: Anna Hulda Einarsdóttir og B-teymi, kennari Einar Árni Jóhannsson

Talað mál og hlustun:

Stefnt er að nemendum:

- tileinki sér skýran og áheyrilegan framburð og viðeigandi talhraða
- þjálfist í að taka þátt í umræðum og rökstutt skoðanir sínar

- geti tjáð sig frammi fyrir skólafélögum sínum og öðrum hópum, t.d. við kynningu á hópverkefnum
- geti hlustað af athygli og þjálfist í að hlusta á upplestur ýmiss konar bókmenntaefnis
- skilji leiðbeiningar um framsögn, svo sem um áherslu, tónfall og hrynjanda
- kunni að hlusta á aðra og bregðast við á viðeigandi hátt

Lestur og bókmenntir:

Stefnt er að nemendur:

- lesi sér til gagns og ánægju
- þjálfist í hraðlestri og lesskilningi
- lesi eina íslendingasögu og kynnist þekktum íslenskum þjóðsögum, ævintýrum og frásögnum, m.a. úr heimabyggð
- lesi fjölbreyttar bókmenntir og þjálfist í að fá bók að láni á skólasafni
- þekki hugtökin rím, stuðlar, braglína, endurtekning, persónugerving og líking og geti notfært sér þau í umfjöllun um bókmenntatexta og þekki auk þess muninn á hefðbundnum og óhefðbundnum ljóðum
- í 8. bekk lesi a.m.k. 350 atkv. á mín. í lok skólaárs

Ritun

Stefnt er að nemendur:

- noti rétta fingrasetningu við ritvinnslu
- taki við ýmiss konar gagnrýni á eigin texta og vinni úr henni til að bæta textann
- þjálfist í uppsetningu og frágangi á eigin texta, m.a. bréfum, umsóknum, ritgerðum og lýsingum
- geti skipt texta í setningar, málsgreinar og efnisgreinar af nokkru öryggi
- þekki flestar stafsetningarreglur og hafi náð nokkurri færni í greinarmerkjasetningu
- læri að ganga frá texta og geti nýtt orðabækur, leiðréttingarforrit og önnur hjálpargögn

Málfræði

Stefnt er að nemendur:

- þekki mun á setningu, málsgrein og efnisgrein og geti sett viðeigandi greinarmerki rétt við ritun eigin texta
- geti nýtt málfræðikunnáttu við orðmyndum og stafsetningu
- kunni að fletta orðum eftir stafrófsröð og nýta sér upplýsingar í orðabókum
- átti sig á flokkun í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og í hverju flokkunin felst
- þekki helstu einkenni orðflokka og beygingarformdeildir þeirra, t.d. kyn, tölu, fall, stigbreytingu, nútíð, þátíð og nafnhátt

Námsgögn:

- Skerpa 1
- Kjalnesingasaga
- Skrifinnur og málfinnur
- orðabækur

- frjálslestrarbækur

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- bein kennsla, fyrirlestrar, hópverkefni, margmiðlun, ritun, samvinnunám, umræður, upplýsingartækni, utanbókarnám og vinnubókarkennsla

Námsmat:**haustönn:**

- Skerpa verkefnabók – gildir 40%
- Skerpa lotupróf – Skerpu er skipt upp í 8 námslotur, eftir hverja lotu taka nemendur könnun, gildir 40%, þeir nemendur sem ekki ná 80% námsárangri í lotuprófum þurfa að þreyta lokapróf sem gildir 20% af haustannareinkunn

vorönn:

- Skerpa verkefnabók – gildir 35%
- Skerpa lotupróf – Skerpu er skipt upp í 8 námslotur, eftir hverja lotu taka nemendur könnun, gildir 35%
- Framsögn gildir 10%
- lokapróf – allir nemendur taka yfirlitspróf í lok vorannar, gildir 20%

Íslenska 8. bekkur**C-teymi, kennari: Ástríður Sigurðardóttir****Lestur og bókmenntir:**

Að nemendur:

- lesi sér til gagns og ánægju
- geti lesið texta með góðum skilningi
- lesi ljóð og fjalli um ýmiss konar kveðskap og bragfræði
- lesi fjölbreyttar bókmenntir
- lesi eina Íslendingasögu
- lesi eina nútímasögu

Ritun

Að nemendur:

- hafi vald á réttritun og geti beitt reglum um greinarmerkjasetningu
- geti mótað texta, mótað málsgreinar og efnisgreinar og skipað þeim í röklegt samhengi
- þjálfist í skapandi skrifum og verði færir að skrifa mismunandi textagerðir
- nái tökum á að skrifa útdrætti og endursaganir úr munnlegu og skriflegu efni

Málfræði

Að nemendur:

- þekki helstu hugtök sem notuð er í íslenskri málfræði
- þekki orðflokka og merkingarleg og beygingarleg einkenni þeirra og hlutverk í texta
- geti notað orðtök og málshætti til að auðga mál sitt
- geti notað orðabækur og aðrar handbækur um íslenskt mál og skilið útskýringarnar
- öðlist áhuga á að vanda mál sitt sem best og láta það hæfa aðstæðum hverju sinni

Talað mál og hlustun

Að nemendur:

- þjálfist í framsögn og skýrum framburði
- þjálfist í að taka þátt í umræðum og gera grein fyrir skoðunum sínum

Námsgögn:

- Mályrkja 1 ásamt vinnubók 1
- Kennslubók í stafsetningu, valdar æfingar
- Fallorð
- Skerpa 1 – valdir kaflar
- Orðhákur 1
- Tár, bros og takkaskór ásamt vinnubók
- Kjalnesingasaga ásamt vinnubók
- Ýmsar smásögur valdar af kennara
- Þjóðsögur og ævintýri

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- bein kennsla, ritun, umræður, utanbókarnám og vinnubókarkennsla

Námsmat:

- kannanir – próf og kannanir í málfræði, gilda 20% af lokaeinkunn
- mat á ritunarverkefnum – nemendur vinna 3 stutt ritunarverkefni, gilda 15%
- mat á verkefnum – verkefni úr Mályrkju og smásögum gilda 15%
- skrifleg próf – nemendur taka skriflegt próf í Kjalnesingarsögu og Tár, bros og takkaskór, gilda 10%
- mat á vinnubókum – vinnubækur með Kjalnesingarsögu og Tár, bros og takkaskór metnar til einkunnar, gilda 15%
- stafsetning – nemendur taka könnunarpróf í stafsetningu, gildir 10% af lokaeinkunn
- mat á frammistöðu – vinna nemenda í tímum og framlag þeirra í hópavinnu metinn til einkunnar, gildir 15%

Stærðfræði 8. bekkur**A-teymi, kennari Berglind Kristjánsdóttir og B-teymi, kennari Rafn Markús Vilbergsson****Tölur**

Stefnt er að nemendum:

- Þekki framtölur, ferningstölu og ferningsrót og samsetta tölu
- Kunni að skrá tölur sem veldi
- Þekki tengingu á milli almennra brot, tugabrota og prósentu
- Þekki prósentujöfnuna (heild x prósentu = hluti)
- Þekki mengi N, Z og Q
- Geti skráð brot á mismunandi vegu
- Geti fundið samnefnara
- Geti frumpáttað brot
- Kunni að lengja og stytta brot

Tölfræði og líkindareikningur

Stefnt er að nemendum:

- Þekki hugtökin tíðni, miðgildi, meðaltal og dreifing
- Geti lesið úr ýmsum ritum s.s. punktariti, línuriti, súluriti og skífuriti.
- Þekki hugtakið líkindi.
- Geti teiknað líkindatré og kunni að nota það

Algebra

Stefnt er að nemendum:

- Geti reiknað í samræmi við forgangsröð aðgerða
- Þekki muninn á stæðum og jöfnum
- Kunni að draga saman líka liði í stæðum
- Kunni að einfalda stæðu

Jöfnur og línurit

Stefnt er að nemendum:

- Þekki hugtakið jafna
- Geti fundið óþekkta stærð í jöfnu
- Geti teiknað línurit fyrir ákveðna jöfnu
- Geti parað saman jöfnu og línurit
- Geti lesið af línuriti óþekkta stærð

Rúmfræði

Stefnt er að nemendum:

- Þekki hugtökin, punkt, línu, línustrik, geisla, þvermál, ummál, horn og ýmsar gerðir marghyrninga
- Kunna að reikna flatarmál og ummál marghyrninga
- Kunni að reikna ummál og flatarmál hrings.

- Viti hvað hugtakið pí tákna
- Kunni að reikna rúmmál réttra strendinga
- Geti fundið hornasummu ferhyrninga og þríhyrninga
- Geti teiknað jafnhliða og jafnarma þríhyrninga með hjálp reglustiku og hringfara
- Fáist við einfaldar hliðranir, snúninga og speglanir í sléttum fleti

Námsgögn:

- Átta-tíu, 1 og 2
- Almenn stærðfræði 1-3
- Önnur ljósrituð hefti frá kennara

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- bein kennsla, sýnikennsla, upplýsingatækni og viðfangsefni tengd daglegu lífi

Námsmat:

- kannanir – námsefninu er skipt upp í lotur. Eftir hverja lotu er könnun þar sem nemandinn þarf að ná að lágmarki 7.0 til að halda áfram. Ef nemandi nær ekki lágmarkinu fær hann frekari þjálfun. Gildir 50 %
- sjálfstæð verkefni – nemendur vinna ákv. heimadæmi, bæði einstaklingslega og í hóp. Gildir 10%
- yfirlitspróf – nemendur taka yfirlitspróf úr því efni sem unnið hefur verið á árinu, gildir 40% af lokaeinkunn

C-teymi, kennari: Þórdís Björg Ingólfssdóttir**Almenn markmið**

Að nemendur:

- reikni brot og prósentur af heilum stærðum, t.d. afslátt eða vexti, og grípi til vasareiknis ef þörf er á.
- leysi þrautir þar sem raða þarf saman hlutum eða flatarmyndum.
- noti reiknivél til að leggja saman, draga frá, margfalda og reikna prósentur með því að breyta í tugabrot og reikna svo.
- fáist við einfaldar hliðranir, snúninga og speglanir mynda í sléttum fleti.
- ræði og rökstyðji samhengið í venjulegum reikniaðferðum, t.d. samlagningu almennra brota.
- lesi og skrifi háar og lágar tölur sem koma fyrir í texta, töflum og myndritum, ártöl í rómverskum tölum, almenn brot, tugabrot, mælitölur af ýmsu tagi og prósentur.
- vinni með tíma-, lengdar-, flatar-, rúmmáls- og þyngdareiningar í metrakerfi og kynnist sambandi þeirra innbyrðis.
- fáist við, þekki og skilji hugtökin tíðni, tíðnidreifing, meðaltal, tíðasta gildi og miðgildi.
- breyti endanlegum tugabrotum í almenn brot og almennum brotum í tugabrot.

Námsgögn:

- Almenn stærðfræði 1
- stærðfræði 8+
- Önnur ljósrituð hefti frá kennara

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- bein kennsla, sýnikennsla, upplýsingartækni og viðfangsefni tengd daglegu lífi.

Námsmat:

- kannanir – nemendur taka sjálfspróf og skila til kennara. Einnig taka nemendur kaflapróf eftir hvern kafla. Gildir 40%
- yfirlitspróf- Nemendur taka yfirlitspróf sem gildir 30%
- frammistöðumat – vinnusemi og áhugi metinn. Gildir 15 %
- vinnubók- gildir 15 %

Enska 8. bekkur**Kennari: Hulda Hauksdóttir****Almenn markmið**

Að nemendur:

- geti lesið sér til gagns og gamans margs konar léttari texta, t.d. í tímaritum og greint aðalatriði frá aukaatriðum
- geti lesið einfaldaðar smásögur og styttri skáldsögur
- kunni að nýta sér orðabækur
- geti lýst eigin reynslu, samskiptum, tilfinningum og tengslum við aðra á einfaldan hátt
- geti skrifað stuttan samfelldan texta á tiltölulega réttu máli, t.d. stuttar sögur, endursagnir og dagbókarbrot eftir fyrirmælum
- geti tjáð sig um það sem hann hefur horft á, lesið eða heyrt um
- geti sagt frá og lýst atburðum og athöfnum
- geti átt samskipti og skipst á upplýsingum um það sem snertir nánasta umhverfi og daglegt líf
- geti notað málið við ýmsar aðstæður, t.d. látið í ljós ánægju og skipst á skoðunum við aðra á viðeigandi hátt

Námsgögn:

- Spotlight 8 – lesbók og vinnubók
- Writeright 1 og 2.
- frjálslestrarbækur
- Orðaspilið Scrabble
- Vinnuhefti um óreglulegar sagnir
- Valið efni frá kennara

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- bein kennsla, hlustunarefni, hópverkefni, kannanir, námsleikir og ritun

Námsmat:

- kaflapróf Spotlight 8: 30%
- stílar: 15%
- óreglulegar sagnir: 20%
- Ritunarverkefni/kvikmynd: 5%
- mat á vinnubókum: 5%
- frammistaða: 5%
- kjörbókarritgerð: 15%
- Hlustun: 5%

Danska 8. bekkur**Kennari: Anna Birna Gunnlaugsdóttir****Almenn markmið**

Að nemendur:

- skilji allt venjulegt, talað mál sem varðar umgengni og skilaboð innan skólastofu
- geti fylgst með og haldið þræði þegar fjallað er um efni sem hann þekkir vel og hefur grunnorðaforða um
- geti lesið nákvæmlega stutta texta sem tengjast efnisflokkum sem unnið er með
- hafi hraðlesið minnst eina léttlestrarbók
- geti skrifað einföld skilaboð og persónulega dagbók
- geti notað orðaforða í efnisflokkum sem unnið hefur verið með á eigin forsendum í nýju samhengi

Námsgögn:

- Tænk – les og vinnubók
- Hvað siger du B – hlustunarefni
- Det er Danmark – verkefni og myndband
- annað efni frá kennara

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- bein kennsla, fræðslumyndir, hlustunarefni, hlutverkaleikir, hópverkefni, kannanir, ritun og tónlist

Námsmat:

- kannanir: reglulegar kannanir á orðaforða og lokapróf gildir 50%
- hlustun: í lok annar taka nemendur hlustunarpróf. Gildir 20%
- munnlegt próf: nemendur taka munnlegt próf sem gildir 15%
- frammistöðumat: mat á vinnu í tímum gildir 5%
- ritun: nemendur vinna ýmis ritunarverkefni sem metinn eru til einkunna. Gildir 10%

Lífsleikni 8. bekkur**Kennari: umsjónarkennarar****Almenn markmið**

Að nemendur:

- læri að skipuleggja sig í námi.
- eflist í samskiptum í hóp.
- að virða náungann og læri þær vinnureglur sem gilda í skólanum.
- læri að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og náttúru
- geri sér grein fyrir því hvernig tilfinningar hafa áhrif á hegðun og samskipti.

Námsgögn:

- Ertu!
- Að ná tókum á náminu (námstækni)

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- fræðslumyndir, leikræn tjáning, ritun, samræðuaðferðir, tjáning og umræður

Námsmat

- frammistöðumat: reglulega verður frammistaða í tímum skráð, bæði við einstaklingsvinnu og í hópverkefnum
- sjálfsmat: nemendur meta sjálfir framkomu sína, vinnu og árangur
- einkunn gefin í lokið/ólókið

Náttúrufræði 8. bekkur**Kennari: Páll Valur Björnsson****Almenn markmið**

Að nemendur:

- kunni að lýsa vísindalegri aðferð, öðlist skilning á einingum metrakerfisins og geti notað þær við mælingar
- geti rætt um helstu einkenni, nauðþurftir, efnaskipti og efnafræði lífvera
- geti lýst gerð og starfsemi fruma og þeim ferlum sem einkenna þær
- geti skýrt hugtakið um verkaskiptingu í lífverum
- kunni að lýsa fimm mismunandi skipulagsstigum lífvera
- get lýst mikilvægustu gerðum samskipta og tengsla hjá lífverum
- geta lýst eðli og orsökum hreyfinga og notað hugtökin ferð, hraði, hröðun og kraftur
- þekkja þyngdarlögmálið og vita að þyngdarkraftur verkar á milli allra hluta
- skilja muninn á massa og þyngd
- geta notað hugtök eins og þrýsting og eðlismassa og tengt þau fyrirbærum í daglegu lífi
- skilji að hugtakið kynlíf hefur mjög víða merkingu. Það nær til alls þess sem felst í því að vera kynvera og er hluti af kynímynd okkar sem karls eða konu. Kynlíf á við þær

tilfinningar sem við höfum, hvernig við sýnum þær, hvernig við nálgumst aðra og gefum af sjálfum okkur.

- skilja hvað stjórnar kynferði manna
- átta sig á mikilvægi ábyrgrar kynhegðunar

Námsgögn:

- Einkenni lífvera
- Kraftur og hreyfing
- Kynlíf (tímarit)
- forfallakennarinn (fræðsluþættir)
- ýmis fræðslumyndbönd

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- fræðslumyndir, fyrirlestrar, hópverkefni, margmiðlun, samvinnunám, spurnaraðferðir, sýnikennsla, umræður og utanbókarnám

Námsmat

haustönn:

- Kannanir: teknar reglulega kannanir eftir yfirferð námsefnis, gilda 50%
- Verkmöppumat: mat á verkefnum sem nemandi vinnur, bæði einstaklings og í hóp. Verkefni úr vinnubók, skýrslur og önnur tilfallandi verkefni. Gildir 25%
- Frammistöðumat: kennari metur atriði eins og vinnusemi, áhuga, þátttöku, hjálpssemi, stundvísi, ábyrgð og frumkvæði. Gildir 10%
- Verklegt: Viðhorf og vinna við tilraunir 15%

vorönn:

- Kannanir: teknar reglulega kannanir eftir yfirferð námsefnis, gilda 50%
- Verkmöppumat: mat á verkefnum sem nemandi vinnur, bæði einstaklings og í hóp. Verkefni úr vinnubók, skýrslur og önnur tilfallandi verkefni. Gildir 25%
- Frammistöðumat: kennari metur atriði eins og vinnusemi, áhuga, þátttöku, hjálpssemi, stundvísi, ábyrgð og frumkvæði. Gildir 10%
- Verklegt: Viðhorf og vinna við tilraunir Gildir: 15%

Samfélagsfræði 8. bekkur

Kennari: Yngvi Þór Geirsson og Páll Valur Björnsson

Markmið:

- kynnist lífinu á Íslandi á árunum 1750-1900, m.a. hvernig Reykjavík varð að höfuðstað, sjálfstæðisbaráttunni, Jörundi hundadagakonungi, afnámi einokunar og endalokum bændasamfélagsins.
- kynnist æviágripri Jóns Sigurðssonar og konu hans, Ingibjargar Einarsdóttur
- kynni sér árið 1918 í Íslandssögunni, m.a. spænsku veikina, eldgos í Kötlu, frostaveturinn mikli og fullveldi þjóðarinnar.

Námsgögn:

- Sögueyjan 2. hefti ásamt vinnubók og verkefnum
- Landafraeði handa unglíngum, 1. hefti
- vinnubók úr Landafraeði handa unglíngum, 1. hefti
- www.samfelagsfr.is
- Kortabók
- Saga Íslands – fræðslumynd
- Jón Sigurðsson - bók, fræðslumynd, ljósrit og verkefni
- 1918

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- Bein kennsla, fræðslumyndir, leikræn tjáning, sköpun, efniskönnun, námsleikir, upplýsingatækni og umræður

Námsmat**haustönn:**

- frammistöðumat: 10%
- sjálfmat: 5%
- Jón Sigurðsson verkefnahefti: 10%
- Jón Sigursson próf: 10%
- 1918 - verkefni: 10%
- 1918 - próf: 10%
- kaflapróf úr 6. og 7. kafla í Sögueyjuni: 10%
- kaflapróf úr 8. og 9. kafla í Sögueyjuni: 10%
- lítið ljósrit úr Sögueyjuni: 5%
- vinnubók/verkefni úr Sögueyjuni: 10%
- önnur verkefni: 10%

vorönn:

- kaflapróf: Þrjú kaflapróf, tvö gilda 15% og eitt 10% hvert = 40%
- vinnubók: 15%
- flugumferðaverkefni: 5%
- kortaverkefni: 10%
- loftlags- og gróðurbeltaverkefni: 5%
- oftlags- og gróðurbeltaljósrit: 10%
- frammistöðumat: 10%
- sjálfsmat: 5%

Upplýsingatækni 8. bekkur**Kennari: Hulda Hauksdóttir****Almenn markmið**

Að nemendur:

- hafa skilað verkefnum unnum í tölvum, með grafískri framsetningu upplýsinga þegar það á við
- hafa notað töflureikni til margþættra útreikninga
- hafa notað tölvupóst til upplýsingamiðlunar
- geta notað upplýsingatækni, s.s. rafrænar glærur og margmiðlun, til að flytja fyrirlestur
- geta valið og notað viðeigandi tölvubúnað til að koma upplýsingum á framfæri
- hafa mótaða skoðun á gildi tölvutækni í viðhaldi eigin menntunar
- hafa skilning á gildi tölvutækni sem miðils í lýðræðisþjóðfélagi
- hafa skilning á gildi upplýsingatækni sem miðils í lýðræðisþjóðfélagi
- hafa mótaða skoðun á gildi upplýsingatækni í viðhaldi eigin menntunar
- skilja þýðingu höfundarréttar og þekkja inntak laga um höfundarrétt og persónuupplýsingar

Námsgögn:

- ritvinnsluforritið Word,
- töflureiknirinn Exel
- framsetningarforritið Power point
- ljósmyndaforritið Photostory
- teikniforritið Paint.net
- ýmsir vefskoðarar
- póstforrit
- verkefni af vef og ljósrit frá kennara

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- bein kennsla, sýnikennsla og verklegar æfingar. Einnig verður farið yfir siðfræði internetsins.

Námsmat

- verkmöppumat 80%: verkefni nemenda eru vistuð á tölvunar og metin til einkunna.
- Frammistöðumat 20%: frammistaða, hegðun og virkni metin til einkunnar.

Heimilisfræði**Kennari: Natalya Gryshanina****Almenn markmið:**

- Að nemendur fái að spreyta sig á ýmsum uppskriftum, bæði í bakstri og eldamennsku

- Að þeir læri að búa til grænmetismat
- Að þeir læri gerbakstur
- Að þeir læri um geymsluaðferðir
- Að þeir þjálfist í að sýna hreinlæti við heimilisstörf

Námsgögn:

- Ég er það sem ég vel

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- bein kennsla, hópverkefni, hugmyndavinna og sýnikennsla

Námsmat:

- frammistöðumat –frammistaða nemenda í tíma metinn, gildir 60%
- verkleg próf – nemendur taka 2 verkleg próf á önn, gilda 40% af lokaeinkunn
- nemendur fá einkunn í tölum

Grafík**Kennari: Kristín Hjartardóttir****Almenn markmið**

Að nemendur:

- vinni skissur með áherslu á hvernig form, litir og myndbygging geta undirstrikað ákveðna þætti eða boðskap myndverks, t.d. með því að raða sömu formum upp á mismunandi vegu
- þekki hugtakið fjölfelldi og a.m.k. eina grafíska aðferð, t.d. dúkristu
- geti gengið frá verkefnum, efnun og áhöldum
- geri sér grein fyrir verðmæti efna og áhalda sem unnið er með hverju sinni
- vinni verkefni að eigin vali m.t.t. efnis og útfærslu, í samráði við kennarann, sem feli í sér hugmyndavinnu, ítarlega skissugerð, verklega útfærslu og skil

Námsgögn:

- dúkristur, dúkristuhnífar, litir af ýmsum gerðum og fl.

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- heildstæð verkefni og sköpun

Námsmat:

- frammistöðumat, metið verður sú verkfærni, vandvirkni, iðni og áhugi, umgengni og hegðun, gildir 50%
- hugmyndavinna, 25%
- frágangur: metið er frágangur við hvert verkefni, gildir 25%

- nemendur fá einkunn í lok annar.

Hönnun og smíði

Kennari: Harpa Magnúsdóttir

Almenn markmið:

- sýni ábyrga umgengni og fari eftir almennum reglum í smíðastofunni
- sýni skilning á góðri samvinnu í smíðastofunni
- geri sér grein fyrir undirflokkum verkfæra með tilliti til ólíkra verkefna
- átti sig á gildi handverks, tækniþekkingar og hönnunar fyrir daglegt líf
- hafi aukið færni sína og þekkingu með mótun eigin hugmynda
- sýni sjálfstæði í vinnubrögðum
- hafi lært að nota mismunandi efnistegundir
- hafi tileinkað sér góðan frágang á efnum og áhöldum, s.s. málningaráhöldum
- finni mismunandi lausnir og velja þá heppilegustu í samræmi við notagildi hlutarins
- fáist við verkefni þar sem lögð er áhersla á hönnun nytjahluta með listræna útfærslu í huga
- geri sér grein fyrir því að manneskjan mótar umhverfi sitt með sköpunarmætti sínum og verkum
- geti gert grein fyrir því hvernig verk- og tæknimenning birtist í atvinnulífinu
- hafi þróað með sér forvitni sem stuðli að frumkvæði, hugviti og áhuga á að rannsaka eigin hugmyndir
- nemandi geti hagnýtt sér upplýsingatækni við leit að hugmyndum og mótun þeirra

Námsgögn:

- efniviður úr tré og plasti, mót fyrir plastform, ýmis smíðatól og tæki

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- hugmyndavinna, sköpun og umræður

Námsmat:

haustönn:

- frammistöðumat – kennari notar símat í kennslustundum og metur þá verkfærni, vandvirkni, iðni og áhuga, umgengni og hegðun, gildir 50%
- hugmyndavinna: nemendur vinna verk eftir sínum hugmyndum, gildir 25%
- frágangur: metið er frágangur við hvert verkefni, gildir 25%
- nemendur fá einkunn í tölum

vorönn:

- frammistöðumat – kennari notar símat í kennslustundum og metur þá verkfærni, vandvirkni, iðni og áhuga, umgengni og hegðun, gildir 50%
- hugmyndavinna: nemendur vinna verk eftir sínum hugmyndum, gildir 25%

- frágangur: metið er frágangur við hvert verkefni, gildir 25%
- nemendur fá einkunn í tölum

Myndlist

Kennari: E.F. Hearn

Markmið

Að nemandinn:

- þekki hugtakið fjölfeldi
- túlki áhrif neylusamfélagsins í verkum sínum
- geri sér gein fyrir heildarbyggingu mannlíkamans og vinni mynd af andliti / mannlíkama
- vinni með ímynd mannlíkamans, fegurðadýrkun og ýmsar staðlaðar ímyndir
- tileinki sér notkun mismunandi miðla í útærslu verkefna sinna, s.s. tölvu, myndavél, upptökuvél, ljósritunarvél, ljósaborð o.s.frv.
- geti skilgreint konseptlist og skoði mynddæmi af verkum
- geri sér grein fyrir verðmæti og eiginleikum efna sem unnið er með hverju sinni

Námsgögn:

- Margvíslegar tegundir pappírs, litir, vatnslitir, málning, kol, blek, lím, leir og ýmiss önnur verkfæri, áhöld og efni til myndlistar.

Kennsluhættir

- Leitast er við að þroska með nemendunum hæfileika til að vinna sjálfstætt og efla hæfni þeirra til samstarfs við aðra þar sem um sameiginleg verkefni er að ræða. Þjálfuð eru þau lögmál og aðferðir sem nemendur kynntust á yngsta stigi, þekkingin dýpkuð og nýir þættir lagðir inn.
- Lögð er áhersla á skissugerð og hugmyndavinnu þ.e.a.s. þróunarvinnu og tilraunir og að efla formskyn nemandands og auka við tækni hans í teikningu. Jafnframt að kynna nemendum ólíka tækni við útfærslu myndverka. Námið fer fram með sýnikennslu, stuttum fyrirlestrum, sýningu mynddæma, litskyggna og myndbanda og vettvangsferðum.

Námsmat

- Símat og sjálfsmat, auk þess er virkni, sjálfstæð vinnubrögð, frumleiki og vinnusemi tekin inni námsmatið.

Textíl**Kennari: Margrét Þórólfsdóttir****Almenn markmið**

Að nemendur:

- geri sér grein fyrir efnisþörf við verkefni sín
- sýni fram á sjálfstæði í lita- og efnisvali við eigin sköpunarverk
- vinna með efni sem endar í full unnum hlut, þannig að úr verði heilstætt verkefni
- skrá niður vinnuferlið frá efni og þangað til að úr verður fullunninn hlutur
- gera sér grein fyrir mikilvægi vandaðra vinnubragða og góðrar umgengni
- gera sér grein fyrir mikilvægi vandvirkni og góðrar umgengni
- geta valið form, liti, efni og aðferðir út frá fagurfræði og hagnýtissjónarmiðum og rökstutt valið
- lögmál og aðferðir.
- geta skipulagt raunhæft vinnuferli og fylgt því eftir
- geta beitt verklagi, áhöldum og vélum textílgreinarinnar
- gera sér grein fyrir hvernig hugmynd verður að hlut

Námsgögn:

Saumavélar, títuprjónar, málbönd og skæri

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- bein kennsla, heildstæð verkefni, samræðuaðferðir og sýnikennsla

Námsmat:

- frammistöðumat gildir 50%: þá er verkefni nemenda á önninni metið út frá og getu þeirra, færni og kunnáttu. Einnig þeim markmiðum sem lagt var upp með í upphafi annar.
- frammistaða í tímum gildir 30%: þá er verið að skoða frammistöðu nemenda í vinnuferli og árangri eftir hverja kennslustund.
- vinnubók, gildir 10%: nemendur safna gögnum í möppu sem tengjast verkefninu s.s. sniðum og verklýsingu. Mappan er metin í lok annar
- sjálfsmat gildir 10%: nemendur meta sjálf vinnu sína og verkefni með sjálfsmatslistum,
- einkunn gefin í tölustöfum

Íþróttir**Kennarar: Rafn Markús og Þórir Rafn****Almenn markmið:**

Á unglíngastigi er nauðsynlegt að tengja íþróttakennsluna í auknum mæli við fræðilega innlög,

markvissa ástundun íþrótta eða líkams- og heilsurækt. Þjálfar þarf nemendur í því að taka ábyrgð á eigin heilsu. Þjóða skal nemendum fjölbreytta þjálfun sem nær til alhliða líkams- og heilsuræktar, almenningsíþrótta og íþróttagreina. Á þessum árum er mikilvægt að búa nemendur markvisst undir að taka sjálfstæða ákvörðun við val á íþróttaiðkun og heilsurækt.

Námshöggn:

- öll almenn áhöld íþróttahúsa

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- bein kennsla, sýnikennsla og verklegar æfingar

Námsmat:

- mat á frammistöðu í tímum – virkni nemenda í tímum skráð til bókar, gildir 50%
- frammistöðumat – verklegt próf, gildir 50%
- nemendur fá einkunn í tölum

Sund**Kennarar: Ásgerður Bjarklind****Almenn markmið**

Unnið eftir 8.sundstigi

- 400 m frjáls aðferð, viðstöðulaust
- 75 m skriðsund
- 50 m baksund
- 25 m flugsund
- Tímataka 50 m bringusund, lágmark. Drengir: 65 sek, stúlkur: 67 sek
- Tímataka 25 m skriðsund, lágmark: 30 sek
- Troða marvaða í 1 mín
- Nemandi syndir 8 m kafsund að hlut á botni laugar (á allt að 2 m dýpi). Syndir með hann til baka (ekki í kafi). Æfing endurtekin eftir 10 sek.

Námshöggn:

- öll almenn áhöld sundlauga

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- bein kennsla, sýnikennsla og verklegar æfingar

Námsmat:

- verklegt próf, nemendur taka sundpróf og ljúka 8. sundstigi. Verða að ná öllum markmiðum. Virkni nemenda í tímum er skráð til bókar.
- Nemendur fá einkunn/umsögn í lok skólaárs.